

Skipulagsskrá fyrir Eggertssjóð.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Eggertssjóður. Stofnandi hans er Háskóli Íslands og skal varsla sjóðsins, ávöxtun hans og reikningshald vera á ábyrgð hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 180060 við Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibú að jafnvirði kr. 1.790.000.

Ennfremur rennur til sjóðsins andvirði eigna sem Eggert V. Briem, fæddur 18. ágúst 1895, hefur gefið Háskóla Íslands með sérstöku gjafabréfi 19. september 1995, en þar er um að ræða erlend verðbréf sem talin eru að verðmæti nálægt USD 300.000.

Einnig skulu renna til sjóðsins þær eignir sem Eggert V. Briem hefur ánað Háskóla Íslands með erfðaskrá sinni, dagsettri 20. desember 1994.

Auk þess renna til sjóðsins allar vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins, svo og minningargjafir er síðar kunna að berast sjóðnum.

Óskerðanlegur höfuðstóll sjóðsins skal vera kr. 1.500.000, en sjóðstjórn er heimilt að ákveða hækkun þeirrar fjárhæðar eftir því sem eignir sjóðsins aukast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði jarðfræði og líffræði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal rektor Háskóla Íslands tilnefna einn þeirra en háskólaráð skal kjósa tvo án tilnefningar. Sömu aðilar skulu tilnefna varamenn í sjóðsstjórnina.

Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár og skulu stjórnarmenn skipta með sér verkum.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur sjóða Háskóla Íslands, kjörnir af háskólaráði.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal úthluta styrkjum úr sjóðnum og skulu styrkveitingar kynntar opinberlega með fréttatilkynningum.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt eða sjóðurinn lagður niður samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, sem þá skal jafnframt ákveða ráðstöfun höfuðstóls hans til verkefna sem falla undir ákvæði 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Rektor Háskóla Íslands skal hlutast til um að afla staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. nóvember 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.